

Fimmtudagur 18. mars 1982.

Nr. 97/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Garðari Hafsteini Björgvinssyni og
(Örn Clausen hrl.)

Ragnari Gunnsteini Ragnarssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta læma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var með áfrýjunarstefnu 6. júní 1980 skotið til Hæstaréttar að því er ákærðu Garðar Hafstein Björgvinsson og Ragnar Gunnstein Ragnarsson varðar að ósk þeirra, en meðákærði í héraði, Ívar Arnar Bjarnason, vill una dóm-inum. Jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsinga svo og að dæmdar fábætur verði hækkaðar.

Ágrip barst Hæstarétti 23. október 1981.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Með eigin játningu ákærða Ragnars Gunnsteins, studdri öðrum gögnum, er sannað, að hann ruddist ásamt tveimur öðrum mönnum inn á heimili Björgvins Stefáns Gunnarssonar, Laufskógum 11 í Hveragerði, aðfaranótt föstudagsins 19. mars 1976 og hélt Helgu Björk Björnsdóttur, eiginkonu árárþola, Björgvins Stefáns, á meðan meðákærði í héraði, Ívar Arnar, réðst á Björgvin Stefán og veitti honum áverka, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Með hátterni sínu hefur ákærði gerst brotlegur við 217. gr. almennra hegningar-laga, sbr. 22. gr. sömu laga, svo sem í ákæru og héraðsdómi greinir.

Ákærði Garðar Hafsteinn var meðal þeirra, er ruddust inn á heimili Björgvins Stefáns. Ekki er sannað, að Garðar Hafsteinn hafi veitt Björgvini Stefáni líkamsáverka. Björgvin Stefán kveðst hafa orðið fyrir spörkum aftan frá, er hann lá

á gólfinu, en ekki sá hann árásarmann, heldur telur hann, að þar hljóti ákærði Garðar Hafsteinn að hafa verið að verki. Þessi ágiskun Björgvins Stefáns er ekki studd neinum rökum og er ósönnuð. Bendir áverkavottorð og ekki til þess, að spörk aftan frá geti hafa valdið áverkum þeim, sem ákært er út af. Hins vegar er sannað, að ákærði Garðar Hafsteinn ók Ívari Arnari, meðákærða í héraði, um Hveragerði í leit að Björgvini Stefáni og ruddist síðan með honum inn á heimili Björgvins Stefáns. Var honum ljóst, að Ívar Arnar var í árásarhug. Einnig verður að telja sannað með framburðum hjónanna Helgu Bjarkar og Björgvins Stefáns, að ákærði Garðar Hafsteinn hafi viðhaft þau stóryrði á árásarstað, að meta verði sem hvatningu í skilningi 22. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ákærði með greindu atferli sínu hafa brotið 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, en málið var reifað fyrir Hæstarétti með tilliti til hlutdeildar, sbr. ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Eigi eru ákærðu sóttir til saka fyrir brot á 231. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin varðhald 30 daga, en refsingu skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá birtingu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabætur svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða Garðar Hafstein til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur, og ákærða Ragnar Gunnstein til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur. Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Garðar Hafsteinn Björgvinsson og Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson, sæti hvor um sig 30 daga varð-

haldi, en refsingu skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá birtingu dóms þessa, verði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði Garðar Hafsteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur, og ákærði Ragnar Gunnsteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur. Ákærðu greiði óskipt allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000. krónur.

Dómi þessu ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnassýslu 22. mars 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, dagsettri 12. janúar 1977, „á hendur Garðari Hafsteini Björgvinssyni skipstjóra, Varmahlíð 27, fæddum 4. maí 1934 á Rauфарhöfn, Ívari Arnari Bjarnasyni bifreiðasmið, Reykjamörk 5, fæddum 22. ágúst 1946 á Seltjarnarnesi, og Ragnari Gunnsteini Ragnarssyni verkamanni, Varmahlíð 36, fæddum 12. janúar 1954 í Reykjavík, öllum í Hveragerði.

Ákærðu er gefið að sök að hafa aðfararnótt föstudagsins 19. mars 1976 ruðst inn á heimili Björgvins Gunnarssonar, Laufskógum 11, Hveragerði, og ráðist þar á hann að konu hans og börnum ásjáandi, þannig að ákærði Ívar Arnar sló hann í höfuðið hnefahögg, þannig að úr blæddi, og nefndur Björgvin féll við, og ákærði Garðar sparkaði í bak hans, þar sem hann lá í gólfinu.

Telst atferli Garðars Hafsteins og Ívars Arnars varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða Ragnars Gunnsteins við 217. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Fimmtudagskvöldið 18. mars 1976 komu Auðunn Sigurðsson, Eyrarvegi 5 B, Selfossi, Björgvin Gunnarsson, Laufskógum 11, Hveragerði, Viðar Þórhallsson, Varmahlíð 44, Hveragerði, Birgir Ásgeirsson, Kambahrauni 4, Hveragerði, og Örn Þórhallsson, Hveragerði, á heimili ákærða Ívars Arnar Bjarnasonar að Reykjamörk 5, Hveragerði. Er þeir höfðu verið þar um hríð, tóku Birgir og Auðunn að deila, og fór svo, að Auðunn veittist að Birgi, og slógust þeir. Auðunn skýrði svo frá fyrir dómi, að Björgvin Gunnarsson hefði haldið sér, á meðan Birgir lamdi og sparkaði í hann. Vitnið Viðar Þórhallsson kvaðst fyrir dómi hafa skilið þremmenningana. Hafi annað hvort Birgir eða Björgvin haldið Auðuni, er hann kom að, og hinn barið Auðun, en ekki hafi hann séð sparkað í hann. Birgir kvaðst ekki hafa slegið eða sparkað í Auðun, Auðunn hafi skyndilega veist að sér og slegið sig í andlit. Hafi hann reynt að stjaka Auðuni frá sér og Björgvin komið að og stöðvað átökin og farið út með Auðun.

Eftir þetta fóru Björgvin og Birgir úr íbúðinni, án þess að frekari illindi yrðu, og sérstaklega aðspurðir kváðust Auðunn og Viðar hér fyrir dómi ekki hafa orðið varir við, að þeir Björgvin og Birgir veittust að húsfreyju, eiginkonu ákærða Ívars Arnars, á einn eða annan hátt. Ekki minntist Auðunn þess, að húsfreyja hefði orð á því við ákærða Ívar Arnar, er hann kom heim til sín síðar um kvöldið, að Björgvin eða Birgir hefðu veist að henni. Hún hafi sagt ákærða Ívari Arnari frá því, að Auðunn hefði verið barinn. Var það nokkru eftir að Björgvin og Birgir voru farnir, að ákærði Ívar Arnar kom heim og með honum ákærði Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson. Er ákærðu hafði verið sagt frá slagsmálunum, ákváðu þeir að fara og leita Björgvin og Birgi uppi og gefa þeim tækifæri, „til að slást, maður gegn manni“, eins og ákærði Ívar orðaði það í skýrslu sinni fyrir dómi. Fóru þeir ákærðu Ívar Arnar og Ragnar Gunnsteinn út að leita Birgis, en er þeir komu að heimili hans, var allt slökkt þar og ekki svarað, þó bankað væri. Síðan fóru ákærðu heim til Björgvins, en kona hans tjáði þeim, að hann væri ekki heima, er þeir spurðu eftir honum. Hurfu þeir nú á braut og ákváðu að leita ákærða Garðars H. Björgvinssonar og fá hann til að aka með þá um þorpið og leita að Björgvini og Birgi. Fóru þeir nú heim til ákærða Garðars H. Björgvinssonar og sögðu honum, að Auðunn hefði verið „laminn“, og var hann fús að koma með þeim, enda þótt hann hefði verið háttaður. Sagði ákærði Garðar fyrir dómi, að honum hefði

verið ljóst, að ákærðu Ívar Arnar og Ragnar Gunnsteinn hafi ætlað að leita Björgvin og Birgi uppi til að lúskra á þeim. Var nú farið um þorpið á bifreið ákærða Garðars, og slóst Björgvin, sonur Garðars, með í förina. Fóru þeir að heimili Björgvins, Lauf-skógum 11.

Verða nú raktir framburðir ákærðu og vitna:

Ákærði Ívar Arnar kveður þá alla fjóra hafa farið úr bifreið-inni og knúið dyra. Sagði ákærði Ívar Arnar eiginkonu Björgvins frá erindi sínu og ástæðum, en hún kom til dyra. Sagði ákærði konuna hafa neitað því, að Björgvin kæmi út, og hafi spunnist af þessu mikið þvarg, „og reyndum við að útskýra fyrir henni okkar málstað“. Í því birtist Björgvin, og var hann á nærklæðum einum fata. Sagði ákærði, að þeir hefðu beðið Björgvin að klæða sig og koma út og skýrðu honum frá erindinu. Sagði ákærði, að kona Björgvins hefði verið nokkuð á báðum áttum um, hvort hún ætti að halda í hurðina og varna þeim inngöngu eða hvort hún ætti að reyna að koma Björgvini í rúmið aftur, og í þessu segir mættur (sic), að þeir hafi stigið inn fyrir dyrnar og hafi þeir allir farið inn, nema Björgvin Garðarsson, sem stóðu í dyrunum. Hafi þeir ákærðu skorað á Björgvin að koma út með sér. Ákærði segir, að kona Björgvins hafi staðið milli sín og Björgvins, og kvaðst hann hafa fært sig aðeins til hliðar, þrifið í nærbol Björgvins, kippt honum að sér og slegið hann eitt högg í höfuðið. Féll Björgvin við höggið og datt á ákærða, og féllu þeir báðir í gólfið, og kveðst ákærði hafa tekið haustaki á Björgvini, sem lenti ofan á, velt honum undir sig og síðan staðið upp. Eftir þetta kveðst ákærði Ívar hafa farið út, en ákærðu Ragnar Gunnsteinn og Garðar komið á hæla sér. Eftir þetta kvaðst ákærði þá hafa farið heim til Birgis og hafi ákærði Ragnar Gunnsteinn einn farið og knúið dyra, en enginn svaraði. Eftir þetta hafi þeir farið aftur á verkstæði ákærða Ívars Arnars, þ. e. Ívar Arnar og ákærði Ragnar Gunnsteinn, en Garðar og Björgvin hafi farið eitthvað annað.

Ákærði Garðar H. Björgvinsson segir svo frá, að er þeir voru að aka fram hjá húsi Björgvins Gunnarssonar, hafi Ragnar Gunnsteinn, sem var í aftursæti, sagt: „Þarna er hann í eldhúsinu“. Kveðst mættur (sic) þá hafa hægt á bílnum og um leið hafi ákærði Ívar Arnar stokkið út, áður en bíllinn var stöðvaður að fullu, og rétt um leið tróð ákærði Ragnar Gunnsteinn sér út um dyrnar vinstra megin á bílnum, sem er tveggja dyra, meðan ákærði var að teygja sig í hægri hurðina til að loka henni. Kvaðst ákærði Garðar hafa séð, að ákærði Ívar Arnar opnaði dyrnar og

fór aðeins inn fyrir, en ákærði, Ragnar Gunnsteinn stóð á móts við dyrastafinn. Mættur (sic) segist muna, að konan ýtti á bringu Ívars Arnars, en hann hafi gengið inn þrátt fyrir það, og hörfaði konan þá undan og til hliðar. Er þetta gerðist, var Björgin Gunnarsson kominn fram á upphækkaðan dyrapall, sem er þar í ganginum. Sagði ákærði, að er þetta var að gerast, hafi hann verið kominn rétt inn fyrir dyrnar og staðið á móts við hurðarhúnninn. Telur hann, að ákærði Ragnar Gunnsteinn hafi hindrað konuna í að hreyfa sig með því að standa fyrir henni og ýta á öxl hennar. Kveðst hann þá hafa sagt „strákar hættið þið þessu, við skulum geyma þetta til morguns“, og kveður þessi orð vera þau einu, er hann hafi sagt í húsinu. Þá tekur hann fram, að Björgvin, sonur sinn, hafi verið fyrir aftan sig og aldrei farið inn í húsið. Rétt um leið og ákærði sagði áðurgreind orð, kveðst hann hafa séð, að Ívar Arnar reif í bol Björgvins og sló hann eitt högg í höfuðið. Við þetta virtist Björgvin hrasa á öxl Ívars Arnars, sem féll aftur fyrir sig, og féllu þeir báðir á gólfið, og lenti Björgvin á bakinu, en Ívar Arnar á hægri hliðinni. Kvaðst hann hafa stokkið út, um leið og þetta gerðist, og þeir ákærðu Ívar Arnar og Ragnar Gunnsteinn komið á hæla honum. Eftir þetta ók ákærði Ívari Arnari og Ragnari Gunnsteini heim á leið.

Ákærði Ragnar Gunnsteinn segir svo frá, að ákærði Ívar Arnar hafi talið, að Björgvin væri þar heima, og ætlað að vaða inn í húsið, en það var læst. Fór ákærði Ragnar Gunnsteinn einnig að dyrunum og ætlaði inn. Bankaði ákærði Ívar Arnar upp, og kom kona Björgvins til dyra, spurði ákærði Ívar Arnar eftir Björgvini, en hún sagði, að hann væri ekki heima. Hafi Ívar Arnar sagt, að hann vissi, að Björgin væri heima, og heimtaði að fá að tala við hann. Ýtti hann síðan konunni til hliðar, og í því kom Björgvin fram í nærfötunum. Skipaði Ívar Arnar honum að koma út og sagðist þurfa að berja hann. Björgvin kvaðst ekki mundu koma út og bað þá um að fara út, en þeir hlýddu því ekki. Bað Björgvin þá konu sína að hringja á lögregluna, og var hún á leið til þess, þegar ákærði Ívar Arnar rauk á Björgvin, og þeir féllu báðir í gólfið. Í sama mund gerðist það, að ákærði Garðar Björgvinsson kom inn í húsið og tvö börn birtust þarna. Garðar Björgvinsson sagði eitthvað á þá leið „komið honum frekar út, af því börnin eru þarna“. Í sama mund kom Björgvin Garðarsson, sonur Garðars, í dyrnar og bað föður sinn að koma út og vera ekki að skipta sér af þessu, og hlýddi Garðar því og fór út. Skömmu síðar fór

ákærði Ragnar Gunnsteinn út. Fljótlega kom svo ákærði Ívar Arnar út úr húsinu, og fóru þeir á brott á bíl ákærða Garðars.

Vitnið Björgvin Stefán Gunnarsson, Laufskógum 11, Hveragerði, skýrði svo frá, að einhvern tíma um nóttina hefði hann vaknað við hávaða frammi í forstofu. Hafi hann farið fram og ákærðu Ívar Arnar og Garðar Björgvinsson hafi ráðist að sér og Ívar Arnar slegið sig í höfuðið. Það næsta, er hann kvaðst muna, var, að hann lá á gólfinu og hélt um höfuð Ívars Arnars og hélt honum niðri. Fann hann, að sparkað var í hann aftan frá, og komu högginn í höfuð, bak og fætur hans. Síðan segir hann, að þrifið hafi verið til hans og bolur, sem hann var í, rifinn í tætlur. Hann kveðst hafa sleppt tókum á ákærða Ívari Arnari og staðið á fætur og muni það hafa verið ákærði Garðar, sem sparkað hafi í sig, hann hafi staðið hjá sér. Ýtti Björgvin ákærða Garðari út úr húsinu, en ákærði Ívar Arnar hafi skrónglast út, hálfgerð á fjórum fótum, en kona hans hafi komið Ragnari Gunnsteini út. Að lokum hringdi hann í lögregluna. Hann kvað ákærða Garðar Björgvinsson hafa sagt: „Farðu inn með börnin, við erum komnir hér til þess að ganga frá Björgvin“. Taldi hann, að ákærði Garðar hefði sagt þetta, meðan hann var að sparka í sig. Þá sagði hann og, að ákærði Garðar hefði sagt, eftir að búið var að koma honum út, að þeir mundu koma seinna og drepa hann.

Vitnið Helga Björk Björnsdóttir, eiginkona Björgvins, skýrði svo frá, að um kl. 0230 hafi ákærðu komið. Vissi hún ekki fyrir til en þeir voru komnir inn í húsið. Létu ákærðu Ragnar Gunnsteinn og Ívar Arnar dólgislega, heimtuðu að fá að tala við mann vitnisins og sögðust ætla að jafna um hann. Vitnið vildi ekki leyfa þeim það og stóð fyrir þeim fyrir framan svefnherbergið, þar sem Björgvin svaf. Af þessu varð mikill hávaði, og vaknaði Björgvin og kom fram, en stóð að baki vitnisins. Í því kom ákærði Garðar Björgvinsson inn, virtist vitninu hann hafa orð fyrir árásarmönnunum, og heimtaði hann að fá Björgvin út, svo þeir gætu gengið frá honum þar. Sagði ákærði Garðar vitninu að taka börnin og koma sér frá með þau, svo þau þyrftu ekki að horfa upp á það, er þeir gengju frá honum.

Það skipti svo engum togum, að ákærði Ívar Arnar ýtti vitninu frá, náði til Björgvins og svipti honum niður, að því er vitnið telur með aðstoð ákærða Ragnars Gunnsteins, en á meðan þeir Ívar Arnar og Björgvin lágu í gólfinu, tókst henni að koma ákærðu Garðari og Ragnari Gunnsteini út, og síðan tókst þeim

hjónum sameiginlega að koma ákærða Ívari Arnari út. Vitnið kvað Björgvin Garðarsson hafa komið í dyrnar, en ekki tekið þátt í aðförinni.

Er lögreglan hafði komið á staðinn, var kallað á lækni, og samkvæmt vottorði hans á dskj. nr. 5 hafði Björgvin áverka á andliti, skurð undir vinstra auga og fleiður á nefi, sem læknirinn sá og bjó um með saumum og umbúðum.

Björgvin Gunnarsson hefur krafist þess, að ákærðu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 475.000 í bætur og sundurliðar kröfuna þannig:

- | | |
|--------------------------------------|-----------|
| 1. Greitt vegna læknishjálpar | kr. 5.000 |
| 2. Bætur fyrir lýti og miska | — 450.000 |
| 3. Greitt fyrir lögfræðiaðstoð | — 20.000 |

Með kröfubréfi vegna þessa fylgir vottorð Þórhalls B. Ólafssonar héraðslæknis, en skv. því hefur Björgvin ca 1 cm langt ör á anliti neðan v. auga. Vottorð þetta er dagsett 23. febrúar 1977.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af gögnum máls þessa þykir sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Með hliðsjón af atvikum öllum, og þegar tillit er til þess tekið, að ákærðu ruddust inn á heimili Björgvins Gunnarssonar um há-nótt og veittu honum áverka að konu hans og börnum ásjáandi, þykir rétt að dæma ákærðu in solidum til greiðslu skaðabóta, sem ákveðast kr. 270.000.

Ákærðu hafa eigi áður sætt kærnum eða refsingum fyrir hegningarlagabrot.

Þykir refsing ákærða Ívars Arnars hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs.

Refsing ákærða Garðars Björgvinssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Refsing ákærða Ragnars Gunnsteins Ragnarssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð og kr. 30.000 sekt til ríkissjóðs.

Fangelsisrefsingu ákærðu skal fresta og hún ekki koma til framkvæmda vegna hvers um sig, haldi hann í 3 ár frá birtingu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 27/1955.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á

meðal launa skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 60.000.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Ívar Arnar Bjarnason sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Garðar Hafsteinn Björgvinsson sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði Ragnar Gunnsteinn Ragnarsson sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Fangelsisrefsingu ákærðu skal frestað og hún ekki koma til framkvæmda vegna hvers um sig, haldi hann í 3 ár frá birtingu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Björgvini Gunnarssyni kr. 270.000 í skaðabætur. Enn fremur greiði ákærðu allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.

Dómi þesum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. mars 1982.

Nr. 210/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ragnari Ingimundi Ágústssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað málinu að ósk ákærða með